

## Hverfisráð Árbæjar

Ár 2015, þriðjudaginn 14. apríl, var haldinn 112. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, formaður, Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir, Björn Gíslason og Hildur Oddsdóttir. Einnig voru viðstödd: Sólveig Reynisdóttir, Framkvæmdastjóri ÞÁG. Elvar Örn Þórisson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina. Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Heimsókn borgarstjóra í Árbæ  
Samantekt af flutningi skrifstofu borgarstjóra í Árbæ í mars.
2. Hverfisskipulagið verkefnin framundan  
Verkefni sem Hverfisráð og skipulagssvið mun hafa samvinnu um í Árbæ.
3. Lýðheilsuverkefni í hverfinu  
Heiða Björg Hilmisdóttir tekur sæti á fundinum klukkan 17:20 og kynnir lýðheilsuverkefni í hverfum.
4. Styrkumsóknir:
  - a. Sumarið er tíminn, styrkbeiðni frá forvarnarteymi ÞÁG og foreldrafélaganna í Árbæ og Grafarholti, að upphæð 50.000.- Samþykkt samhljóða.
  - b. Sumarhátíð Árbæjar 2015, styrkbeiðni frá íbúasamtökum Árbæjar til framkvæmdar Sumarhátíðar Árbæjar að upphæð 100.000.- Afgreiðslu frestað.
  - c. Ósk um samvinnu hverfisráðs Árbæjar og 3. flokks kvenna, Fylkis um hreinsun valinna gatna í hverfinu að upphæð 150.000.- Björn Gíslason vikur af fundi. Samþykkt samhljóða.
  - d. Samfok, styrkbeiðni til hverfisnámskeiðshalds 2015. Hafnað.
5. Önnur mál.  
Kynning á aðalfundi Hollvinasamtaka Elliðaárdals.

### Fundi slitið kl. 17:50

Þorkell Heiðarsson

Hildur Oddsdóttir  
Björn Gíslason

Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir